



## Félag háskólakennara

### 4. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2023/2024 haldinn miðvikudaginn 23. ágúst 2023 í aðalbyggingu HÍ, kl. 12:15.

**Fundinn sátu:** Baldvin Zarioh formaður, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Haukur Logi Karlsson, Ármann Höskuldsson, Íris Davíðsdóttir, Jóna Margrét Ólafsdóttir og Arngrímur Vídalín. Helga Birna Ingimundardóttir, ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 9. ágúst 2023.
2. Könnun BHM, um skipulag komandi kjaraviðræðna og reynslu af síðustu lotu.
3. Könnun Fh og FPR um vinnumat.
4. Kjaramál, gagnaöflun, undirbúningur og næstu skref.

#### 1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 9. ágúst 2023

Fundargerð samþykkt, með lítilsháttar leiðréttingum.

#### 2. Könnun BHM, um skipulag komandi kjaraviðræðna

Baldvin sagði frá könnun frá BHM sem öll aðildarfélög BHM hafa fengið senda, til undirbúnings komandi kjaraviðræðna og næstu skref. Farið var yfir könnunina og svör Félags háskólakennara.

Rætt var um mikilvægi góðrar gagnagreiningar almennt fyrir komandi viðræður. Meðal annars verður að gera greiningu á launum starfsmanna stjórnarsýslu Fh annars vegar og sambærilegra stétta innan BHM, hins vegar. Framkvæmdastjóra falið að leita til hagfræðings BHM vegna gagnaöflunar.

Rætt var um kosti og galla samflots aðildarfélaga BHM í komandi kjaraviðræðum og reynslu fyrri ára.

Baldvins sagði frá fundi með fulltrúum BHM sem hann og Helga Birna voru boðuð á vegna stöðunnar í 7. gr. vinnunnar, þann 22. ágúst sl.

#### 3. Könnun Fh og FPR um vinnumat.

Jens sagði frá stöðunni. Farið var yfir drög að könnun sem hann hefur tekið saman og unnið m.a. upp úr fyrri könnun sem félagið stóð að á árinu 2016. Málið hefur verið til umfjöllunar í stjórn FPR og næstu skref verða ákveðin í samvinnu með FPR og FHA. Stefnt er að því að senda könnunina á félagsmenn félaganna þriggja í september.

#### 4. Kjaramál, gagnaöflun og undirbúningur og næstu skref

Frestað til næsta fundar.

#### Önnur mál

- Jóna var með fyrirspurn frá Félagsráðgjafadeild um réttmæti boðaðs yfirvinnubanns í deildinni. Málið rætt. Ákveðið að taka málið upp í samráðsnefnd félagsins og HÍ. Baldvin ætlar að óska eftir fundi í nefndinni fljótlega.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl. 13:30.

Næsti fundur miðvikudaginn 6. september, kl. 11:00. Staðsetning óákveðin.